

- a. er beitt sé með pólitískri þvingun, fræðslu, eða sem refsingu gegn mönnum fyrir að hafa eða láta í ljósi stjórn málaaskoðun eða skoðanir hugsjónalega gagnstæðar hinu ríkjandi skipulagi, stjórn málaalegu, félagslegu eða efnahagslegu;
- b. er beitt sé sem aðferð til þess að nota verkalýðinn til breytinga á efnahagskerfinu;
- c. er beitt sé til þess að aga verkalýðinn;
- d. er beitt sé til refsingar fyrir þátttöku í verkföllum;
- e. er beitt sé til misununar sökum uppruna, félagslegrar aðstöðu, þjóðernis eða trúarbragða.

2. gr.

Sérhvert það aðildarríki Alþjóðavinnuálastofnunarinnar, sem fullgildir hjá sér samþykkt þessa, skuldbindur sig til að gera fullnægjandi ráðstafanir til þess að tryggja það, að þegar í stað og til fullnustu verði afnumin nauðungarvinna eins og hún er skilgreind í 1. gr. samþykktar þessarar.

7. Vikuleg hvíld í verzlunum og skrifstofum.

Við fyrri umræðu um þetta mál, sem fram fór á þinginu 1956, var ákveðið að gera um það uppkast að samþykkt og tillögu. Skyldu grundvallaratriðin tekin í samþykktina en ýtarlegri ákvæði yrðu sett í tillöguna.

Síðari umræða fór svo fram á þinginu 1957. Þá var á ný mikið rætt um það, í hvaða formi reglurnar skyldu vera, þ. e. sem samþykkt, tillaga eða hvorutveggja. Margir töldu að samþykkt hentaði ekki vel í þessu máli, því að á þann hátt yrði ekki unnt að taka nægilegt tillit til hinna misjöfnu aðstæðna í hinum ýmsu löndum. Meiri hluti nefndarinnar, sem um mála þetta fjallaði á þinginu, leit þó svo á að ekkert nýtt hefði komið fram, sem réttlætti það, að breytt væri ákvörðun fyrra þings, þ. e. að málið yrði afgreitt með samþykkt og tillögu. Ákvæði samþykktaruppkastsins væru cinnig það rúm, að ekki ætti að vera neinum vandkvæðum bundið að framfylgja þeim hvar sem væri.

Aðalregla samþykktarinnar er sú, að það fólk sem hún tekur til, þ. e. verzlunar- og skrifstofufólk, fái vikulega hvíld er eigi sé skemmri en 24 stundir samfelldar. Þar sem þetta er ekki tryggt með launalögum, samningum, gerðardómum eða á annan hátt í samræmi við landsvenjur, skal setja um það ákvæði með lögum eða reglugerðum. Hér á landi mun öllum þeim, sem samþykktin tekur til, tryggð vikuleg hvíld, sem er lengri en samþykktin ákveður. Virðist því ekkert vera því til fyrirstöðu að fullgilda þessa samþykkt hér á landi og leggur ráðuneytið til að það verði gert.

Tillagan felur í sér bendingar um það, að æskilegt væri að vikuleg hvíld umrædds fólks sé 36 stundir samfelldar og unglingar innan 18 ára fengju tveggja daga hvíld vikulega.

Við endanlega atkvæðagreiðslu um samþykktina greiddu 176 fulltrúar atkvæði með henni, 27 á móti og 31 sátu hjá. Síðan var tillagan samþykkt með 183 atkvæðum, enginn á móti en 46 sátu hjá.

Textar samþykktarinnar og tillögunnar fara hér á eftir:

Samþykkt (nr. 106) um vikulegan hvíldartíma í verzlunum og skrifstofum.

Allsherjarþing Alþjóðavinnuálastofnunarinnar, sem yfirstjórn stofnunarinnar kvaddi til setu í Genf, kom saman í 40. sinn þann 5. júní 1957, og eftir að hafa ákveðið að fallast á tilteknar tillögur um vikulegan hvíldartíma í verzlunum og skrifstofum, sem var fimmti liður á málefnaþrá þessa þings; og eftir að hafa ákveðið að þessar tillögur skyldu færðar í form alþjóðlegrar samþykktar,

gerir þingið í dag, þann 26. júní 1957, eftirfarandi Samþykkt, er vitna má til sem samþykktarinnar frá 1957, um vikulegan hvíldartíma í verzlunum og skrifstofum.

1. gr.

Að svo miklu leyti sem ákvæði þessarar samþykktar eru ekki þegar í gildi, vegna launalaga, samninga við félagsheildir, gerðardóma, eða með öðrum hætti í samræmi við þær landsvenjur, er við eiga á hverjum stað, skulu þau tekin í gildi með lögum eða reglugerðum þjóðarinnar.

2. gr.

Samþykkt þessi tekur til allra þeirra, að námsfólki meðtöldu, er starfa í eftirgreindum verzlunarhúsum, stofnunum eða framkvæmdaþjónustu, hvort heldur um er að ræða opinberar stofnanir eða einkafyrirtæki:

- a. verzlunarfyrirtæki;
- b. viðskiptastofnanir, stofnanir framkvæmdaþjónustu, þar sem starfsfólkið vinnur aðallega skrifstofuvinnu, þar með taldir þeir, er vinna störf menntamanna;
- c. að svo miklu leyti sem fólk það, er hér um ræðir, vinnur ekki á þeim stöðum, sem falla undir 3. gr., og kemur ekki undir reglugerðir gildandi í landinu, eða annað skipulag um vikulegan hvíldartíma í iðngreinum, námum, samgöngum eða landbúnaði:
 - (i) verzlunardeildir eða önnur fyrirtæki;
 - (ii) deildir annarra stofnana, þar sem starfsfólkið vinnur aðallega skrifstofuvinnu;
 - (iii) fyrirtæki sem sinna bæði verzlun og iðnaði.

3. gr.

1. Samþykkt þessi skal einnig taka til þess fólks, er starfar í þeim hinna eftirgreindu stofnana, sem aðildarríki að samþykktinni tiltekur í yfirlýsingu, er það gefur um leið og það fullgildir samþykktina:

- a. hvers konar stofnanir og greinar framkvæmdaþjónustu, er inna af hendi persónulega þjónustu;
- b. pósthjónustu og langleiðaþjónustu;
- c. blaðafyrirtækja; og
- d. leikhúsa og almennra skemmtistaða.

2. Sérhvert það aðildarríki, er fullgilt hefur samþykkt þessa, má þar á eftir senda aðalforstjóra Alþjóðavinnuáskrifstofunnar yfirlýsingu um að það taki á sig skuldbindingar samþykktarinnar að því er varðar þær stofnanir, sem vikið er að í málsgreininni hér á undan, þær er ekki eru tilgreindar í fyrri yfirlýsingu.

3. Sérhvert það aðildarríki, er fullgilt hefur samþykkt þessa, skal samkvæmt 22. gr. skipulagsskrár Alþjóðavinnuáskrifstofunnar, greina frá því í hinni árlegu skýrslu sinni að hve miklu leyti búið er eða fyrirhugað að koma í framkvæmd fyrir mælum samþykktarinnar að því er varðar stofnanir þær, er um ræðir í 1. málsgrein þessarar greinar og ekki falla undir yfirlýsingu, er gerð hafi verið samkvæmt 1. og 2. málsgrein þessarar greinar, og hvað áunnizt hafi lútandi að því, að láta samþykktina smám saman kom til framkvæmda í þeim stofnunum.

4. gr.

1. Þar sem það er nauðsynlegt, skal gera ráðstafanir til þess, að skilgreina þá línu, er skilur á milli þeirra stofnana, sem samþykkt þessi tekur til, og hinna sem öðruvísi er um.

2. Hvenær sem svo ber undir að vafi leiki á því, hvort einhver stofnun eða framkvæmdaþjónusta falli undir samþykkt þessa, skal úr því skorið annað hvort af hlutaðeigandi stjórnarvaldi, eftir að hafa haft samráð við fulltrúa þeirra félaga vinnu-

veitenda og verkamanna, sem hlut eiga að máli, þar sem um slíkt er að ræða, eða á hvern þann hátt annan, er í samræmi sé við lög og venjur í landinu.

5. gr.

Ráðstafanir má gera til þess af hlutaðeigandi stjórnarvaldi, eða eftir réttum skipulagsleiðum hvers lands, að ákvæði þessarar samþykktar skuli ekki taka til:

- a. þeirra stofnana, þar sem ekki starfa aðrir en þeir fjölskyldumeðlimir vinnuveitandans, er ekki geta talizt kaupþegar;
- b. manna í háum stjórnarstöðum.

6. gr.

1. Með þeim undantekningum, sem eftirfarandi greinar gera ráð fyrir, skulu allir þeir, er samþykkt þessi tekur til, eiga rétt á óslitnum vikulegum hvíldartíma, er ekki sé undir 24 klukkustundum innan sjö daga í röð.

2. Þar sem það er mögulegt, skulu allir þeir, er hlut eiga að máli, fá þenna vikulega hvíldartíma samtímis í sömu stofnuninni.

3. Þar sem það er mögulegt, skal hinn vikulegi hvíldartími vera sá vikulegi hvíldardagur, sem helgaður er af venju landsins eða héraðsins.

4. Venjur og hættir fámennra trúflokka skulu fá að njóta sín eftir því sem það er mögulegt.

7. gr.

1. Þar sem starfið er þess eðlis, þjónusta stofnunarinnar þess eðlis, fólksfjöldi sá, er þjónustunnar nýtur, eða starfsmannafjöldinn sá, að ekki sé unnt að koma við ákvæðum 6. gr., skulu ráðstafanir gerðar af hálfu hlutaðeigandi stjórnarvalds, eða eftir réttum skipulagsleiðum hvers lands, til þess að koma á sérstöku fyrirkomulagi um veitingu hins vikulega hvíldartíma, þar sem slíkt hentar, fyrir tiltekna flokka starfsfólks, eða sérstaka flokka stofnana, er falla undir samþykkt þessa, og sé þá tekið tillit til allra félagslegra og efnahagslegra kringumstæðna.

2. Allt það fólk, sem slíkt sérstakt fyrirkomulag tekur til, skal, á hverra sjö daga fresti, eiga rétt á algerðum hvíldartíma, er sé að minnsta kosti jafn því, sem gert er ráð fyrir í 6. gr.

3. Fólk sem vinnur í deildum fyrirtækja þeirra, er koma undir hið sérstaka fyrirkomulag, enda þótt deildirnar mundu koma undir ákvæði 6. gr., ef þær væru óháðar, skal koma undir ákvæði þeirrar greinar.

4. Allar ráðstafanir varðandi framkvæmd ákvæðanna í 1., 2. og 3. málsgrein þessarar greinar skulu gerðar í samráði við fulltrúa félaga vinnuveitenda og verkamanna, þar sem um slík félög er að ræða.

8. gr.

1. Undanþágur til bráðabirgða, að fullu eða að nokkru leyti (þar með talin frestun eða skerðing hvíldartímans), frá ákvæðum 6. og 7. gr., má veita í hverju landi, og sé það gert af þar til bæru stjórnarvaldi eða á hvern þann hátt annan, er hið rétta stjórnarvald samþykkir og samrýmanlegur er lögum og venjum landsins:

- a. Þegar um er að ræða slys, orðið eða yfirvofandi, *vis major*, eða nauðsynlegt starf við byggingar eða vinnutæki, en einungis að svo miklu leyti sem það kann að vera nauðsynlegt til þess að varna alvarlegum hnekki á venjulegu starfi stofnunarinnar;
- b. Þegar svo ber undir að frábært annriki sé vegna sérstakra kringumstæðna, að svo miklu leyti sem ekki er með venjulegum hætti unnt að gera ráð fyrir að vinnuveitandinn taka til annarra ráða;
- c. Þegar um er að ræða að bjarga vörum, sem liggja undir skemmdum.

2. Þegar leggja skal mat á kringumstæður þær, er leyfa að undanþágur til bráðabirgða megi veita í samræmi við stafliðina b. og c. í undanfarandi málsgrein, skal